

Stýrihópur um mörkun heildstæðrar orkustefnu

Iðnaðarráðuneytið

Arnarhváli

150 Reykjavík

Bolungarvík, 18. febrúar 2011

Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um Orkustefnu fyrir Ísland

Samtök náttúrustofa (SNS) fagna því að nú skuli loks komin drög að heildstæðri orkustefnu fyrir Ísland. Í drögunum er margt vel gert en hér á eftir fara athugasemdir Samtakanna við nokkur atriði, aðallega í köflum 3, 4 og 6.

Kafli 3. Sett er fram heildarsýn, þ.e. að orkubúskap Íslands verði hagað með sjálfbærum hætti, samfélaginu og almenningi til hagsbóta. Sett eru nokkur meginmarkmið og leiðir skilgreindar að þessum markmiðum. Allt lítur þetta vel út á pappír en flest er opið fyrir mismunandi túlkunum og óvíst að óljóst og loðið orðalag leiði til þeirrar sáttar sem sóst er eftir. Því er lagt til að skerpa orðalag eins og frekast er unnt til að auka líkurnar á að markmið stefnunnar náist.

Kafli 4. Sjálfbærni er lykilhugtak en ekki er alveg ljóst af hverju snemma í skýrslunni er tekið fram að sjálfbærni beri að túlka í víðum skilningi (bls. 9). Er það gert til að réttlæta ef gefa þarf afslátt af Brundtland-skilgreiningunni? Mynd 1 í kafla 7 og mynd 3 í kafla 9 sýna að við höfum nú þegar nýtt stóran hluta af virkjanlegri orku og ráðstafað henni til langs tíma til örfárra fyrirtækja. Því er ljóst að lítið getur orðið um stórar virkjanir á næstu áratugum ef við eigum að gefa komandi kynslóðum eitthvað val.

Farið er yfir þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar, þ.e.:

- verndun náttúru og umhverfis;
- samfélagslegan ávinning, sátt og réttlæti; og
- efnahagslegt öryggi, stöðugleika og jafnvæghagvöxt.

og sýnt í töflu hvernig meginmarkmið orkustefnunnar tengjast þessum stoðum. SNS telja að rangt sé að halda því fram að það markmið að: „Þjóðin njóti arðs af sameiginlegum orkuauðlindum“ hafi ekkert að gera með verndun náttúru og umhverfis eins og lesa má úr töflunni. „*Ósnortin náttúra er einnig auðlind, sem skilar óþreifanlegum og óþreifanlegum ávinningi*“, eins og segir á bls. 10.

Mikilvægt er að orkustefnan áskilur að virkjanakostum sé forgangsraðað með kerfisbundnum og faglegum hætti. Einnig er jákvætt að stefnt er að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Talað er um að sátt þurfi að ríkja um orkustefnuna og nefndar eru nokkrar forsendur fyrir að sátt náist. Þar er mikilvægt að jafnvægi náist milli sjónarmiða um hvernig nýta skuli auðlindir landsins og að almenningur sé upplýstur um framkvæmdir og geti veitt stjórnvöldum aðhald. Bent er á sérstöðu íslenskrar náttúru og ávinnings af henni. Einnig er mjög mikilvægt að tekið er fram að uppbygging þurfi að vera hófleg svo ekki komi til ofpenslu og samdráttar að henni lokinni. Þetta er líka mjög mikilvægt við nýtingu jarðhita svo hægt sé að fylgjast með því hvernig jarðhitageymirinn bregst við því að orka sé tekin úr kerfinu. Hingað til hefur verið tilhneiging til að líta á jarðhitaorku sem hreina orku en annað hefur komið í ljós eins og mengun frá Hellsheiðarvirkjun hefur leitt í ljós. Einnig er orkunýting við rafmagnsframleiðslu léleg eins og fram kemur í lið 8.4 og því spurning hvort vit sé í að

ráðast í stórar jarðhitavirkjanir með núverandi þekkingu og áður en meiri reynsla fæst á þær virkjanir sem þegar hafa verið reistar.

Í kafla 6 er fjallað um virðingu fyrir náttúru og sérkennum. Komið er inn á jarðfræðilega sérstöðu landsins og það að hér finnast stærstu ósnortnu víðerni í Vestur-Evrópu. Lagt er til að: „Aðferðafræði Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða verði beitt til að flokka virkjanakosti og forgangsraða þeim“. Rammaáætlunin felur í sér miklar framfarir til flokkunar svæða vegna orkuöflunar. Því miður er aðferðafræði áætlunarinnar þó ekki gallalaus. Þannig geta svæði sem eru einstök jarðminjasvæði á heimsmælikvarða fengið lága einkunn í rammaáætlun þar sem þar er ekki jarðvegur, gróður eða vatn! Þetta má bæta með því að setja inn svokölluð rauð flögg, þ.e. þann möguleika að hæsta skor í einum flokki komi í veg fyrir að svæðinu verði raskað, óháð öllu öðru.

Í kafla 7.4 virðist vera tekið jákvætt í aðkomu einkaaðila að virkjunum og orkuvinnslu. Miðað við umræðuna sem verið hefur undanfarið um eignarhald á HS Orku er ekki hægt að sjá að það samræmist því markmiði að sátt náist um orkustefnuna.

Kafli 8. SNS hvetja til þess að varlega verði farið í nýtingu úrgangs til Orkuvinnslu. Reynsla af sorpbrennslu hefur ekki gefið góða raun og svo virðist sem ekki borgi sig að brenna sorp á þann hátt að engin mengun stafi af. Alla vega hafa sum sveitafélög rekið sorpbrennslur á undanþágum í mörg ár og telja sig ekki hafa efni á að gera þær endurbætur sem þarf til að brennslurnar standist kröfur sem gerðar eru.

Sæstrengur hefur lengi verið í umræðunni og er erfitt að sjá hvernig hægt er að réttlæta kostnaðinn við hann þar sem þegar er búið að ráðstafa stórum hluta þeirrar orku sem nýtt verður á Íslandi. Sæstrengur virðist ekki vera ásættanlegur sem öryggistæki vegna mikils kostnaðar sem kallar á nýtingu og því fleiri virkjanir.

F.h. Samtaka náttúrustofa

Þorleifur Eiríksson, formaður